

# Lög

## um breytingu á lögum um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023 (framlenging gildistíma stuðningsúrræðis).

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2024“ í 1. másl. 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: 30. september 2024.

2. gr.

Tafla í 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Fjöldi heimilismanna	Hámarksfjárhæð sértæks húsnæðisstuðnings
1	180.000 kr.
2	237.600 kr.
3	279.000 kr.
4	302.400 kr.
5	326.592 kr.
6 eða fleiri	352.800 kr.

3. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „75%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 90%.

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „29. febrúar 2024“ í 4. mgr. 15. gr. laganna kemur: 31. ágúst 2024.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögnum orðast svo:

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en fyrir lok júní 2024.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 2. og 3. gr. gildi 1. febrúar 2024 og taka þær breytingar því til húsnaðiskostnaðar sem fellur til frá þeim tíma.

---

*Samþykkt á Alþingi 31. janúar 2024.*